

HEST2KF04

HEST2KF04 – Hestamennska bóklegt IV - Knapinn og fimíæfingar

Lýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á knapann, líkamsbeitingu, jafnvægi, viðhorf og andlega líðan. Markmiðssetning, þjálfunaráætlun og hugþjálfun. Teymingar og framhaldsfimipþjálfun. Form hestsins, jafnvægi og líkamsbeiting hans. Upphaf söfnunar, stöðvun og hömlun. Samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga. Þjálfunarstig klassískrar reiðmennsku og hugtök tengd þjálfun. Framhald hringteyminga. Hestatengd ferðapjónusta.

Forkröfur: HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINH2FH10

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi að knapinn sé í góðu andlegu og líkamlegu jafnvægi.
- markmiðssetningu og þjálfunaráætlunum.
- hugþjálfun og hvernig knapinn lærir.
- rétttri líkamsbeitingu knapans og þjálfun hans.
- æfingum er lúta að því að bæta jafnvægi hestsins og skilja hvað liggur þeim til grundvallar.
- framhaldi hringteyminga og teymingar á hesti.
- formi hestsins, yfirlínu og undirlínu.
- hvernig bæta skal jafnvægi hestsins og líkamsbeitingu.
- þjálfunarstigum klassískrar reiðmennsku og hugtökum tengd þjálfun.
- samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga.
- upphafi söfnunar, stöðvun og hömlun.
- hestatengdri ferðapjónustu.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sér markmið.
- setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir og fylgja þeim.
- tjá sig í ræðu og riti um fagið og þjálfun hrossa.
- leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

miðla þekkingu sinni m.a. í ræðu og riti um:

- mikilvægi þess að knapinn sé í góðu andlegu og líkamlegu jafnvægi.
- markmiðssetningu og þjálfunaráætlunum.
- hugþjálfun og hvernig knapinn lærir.
- rétta líkamsbeitingu knapans og þjálfun hans.
- mismunandi þjálfunarstig og hugtök þeim tengd.
- æfingar er lúta að því að bæta jafnvægi hestsins og skilja hvað liggur þeim til grundvallar.
- hringteymingar og teymingar á hesti.
- form hestsins, yfirlínu og undirlínu.
- hvernig bæta skal jafnvægi hestsins.
- samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga.
- upphaf söfnunar, stöðvun og hömlun.

Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

Sérreglur áfangans:

Námsmat fer fram í formi mats á frammistöðu og virkni í kennslustundum auk þess sem nokkur verkefni verða lögð fyrir. Annarsvegar er um að ræða verkefni unnin í kennslustund en hinsvegar heimaverkefni. Ef nemandi skilar verkefni ekki á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir hvern dag sem seinkun nemur. Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

Áfanginn er símatsáfangi. Til að standast áfangann þarf að ná að lágmarki 5 í einkunn.

Viku	Dagsetning	
2	7.-11.jan.	Hindrunastökk háflétt og létt áseta
3	14.-18.jan.	Markmiðssetning
4	21.-25.jan	Hugþjálfun, hvernig lærir knapinn
5	28.jan.-1. feb.	Þjálfunaráætlanir Hliðagangsaefingar
6	4.-8.feb.	Líkamsbeiting knapans
7	11.-15.feb.	Líkamsbeiting knapans
8	18.-22.feb.	Kátir dagar 20.-21. Flóafár 22. VETRARLEIKAR FSu 20. Feb.
9	25.feb.- 1.mars	Teymingar á hesti, vinna í hendi og hringteytingar
10	4.-8.mars	Jafnvægi hestsins, klassíska þjálfunarstigan
11	11.-15.mars	Jafnvægi hestsins
12	18.-22.mars	Jafnvægi hestsins, klassíska þjálfunarstigan
13	25.-29.mars	Form hestsins og hugtök tengd þjálfun, klassíska þjálfunarstigan
14	1.-5. apríl	Form hestsins og hugtök tengd þjálfun
15	8.-12.apríl	Form hestsins og hugtök tengd þjálfun
16	14.-19.apríl	Páskafrí
17	22.-26.apríl	Sumardaginn 1. á fimmtudag
18	29.apríl- 3.mai	Upprífjun
19	6.-10.mai	Vettvangsferð
20	13.-17.mai	Prófavíka